

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1400
komudagur 19.4. 2005

Fjármálaráðuneytið
19. apríl 2005

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Vatnsveitur:

Í frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja er ekki kveðið á um skattskyldu vatnsveitna. Í þeim tilvikum sem vatnsveitur er reknar innan hlutafélags sem fram til þessa hefur notið skattfríðinda (sbr. t.d. Hitaveita Suðurnesja) verða tekjur vatnsveitunnar skattskyldar í framtíðinni, þar sem skattfríðindin verða afnumin með frumvarpi iðnaðarráðherra um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Almenna reglan um skattundanþágur í tekjuskattslögunum (2. tölul. 4.gr.) tekur til sýslu- og sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á. Vatnsveitur sem reknar verða á slíku formi verða því áfram skattfrjálsar (sbr. t.d. Orkuveita Reykjavíkur sem er sameignarfyrirtæki). Smærri vatnsveitur, sem reknar eru af t.d. bændum fyrir sumarbústaði, verða skattskyldar hér eftir sem hingað til.

EES-vinkill:

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur frá árinu 2002, í kjölfar kæru, haft til skoðunar núgildandi undanþágur íslenskra orkufyrirtækja frá ýmsum sköttum og opinberum gjöldum. Að mati ESA fela slíkar skattaundanþágur til tilgreindra fyrirtækja í sér ólögmeta ríkisaðstoð sem er í andstöðu við viðkomandi efnisákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið og er til þess fallin að raska samkeppni á orkumarkaði innan svæðisins. Íslensk stjórnvöld hafa greint ESA frá frumvörpum þeim sem nú eru til meðferðar á Alþingi; annars vegar frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði (afnám skattaívilnana). Telja verður líklegt að verði umrædd lagafrumvörp ekki að lögum muni ESA beina þeim formlegu tilmælum til íslenskra stjórnvalda að afnema umræddar skattaívilnanir og í kjölfarið, verði íslensk stjórnvöld ekki við þeim tilmælum, kæra íslensk stjórnvöld fyrir EFTA dómstólinn fyrir brot á samningsskuldbindingum Íslands.